

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 1. ágúst 2007 – 31. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

**VBS Fjárfestingarbanki**  
Klár í slaginn eftir óskasameiningu



Ferðamannatíminn í hámarki  
**Hótelbransinn blómstrar**



**Skattar**  
Hvetji frekar en letji



6

12-13

6



**ARNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI TEYMIS** Teymi hagnaðist um 1,2 milljarða króna á öðrum fjórðungi þessa árs.

## 1,2 milljarða hagnaður

Teymi hagnaðist um 1,16 milljarða króna á öðrum fjórðungi þessa árs. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) nam 1,03 milljörðum króna. Sala fjórðungsins nam 5,16 milljörðum króna og jókst um fimmtán prósent frá sama tímabili árið áður. Þá var Teymi enn hluti af Dagsbrúnar-samsteypunni.

Hagnaður Teymis á fyrri helmingi ársins nam 2,76 milljörðum króna. Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta nam 1,81 milljörðum króna.

Haft er eftir Árna Pétri Jónssyni, forstjóra Teymis, í tilkynningu til Kauphallar Íslands að velta samstæðunnar á fjórðungnum hafi verið í takti við áætlanir og EBITDA-framlegð yfir áætlunum. Þá segir hann gengisþróun krónunnar, ásamt eignasölu og hlutafjárútbóði á fyrsta ársfjórðungi, hafa létt verulega á vaxta-berandi skuldum félagsins. - hhs

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Með fimmtung** | Exista hf. fer nú með A-hluti í finnska tryggingafélaginu Sampo sem nema 19,93 prósentum af heildarhlutafé í félaginu, samkvæmt tilkynningu til kauphallarinnar í Helsinki.

**Undir væntingum** | Bandaríska álfyrirtækið Century Aluminum, sem skráð er í Kauphöll Íslands, tapaði 60,7 milljónum Bandaríkjadala á öðrum ársfjórðungi. Það jafngildir 3,6 milljörðum króna.

**Snúið við** | Skipti, móðurfélag Símans, skilaði 2,4 milljarða króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tímabili í fyrra tapaði félagið 6,4 milljörðum króna.



**Mikill hagnaður** | Kaupþing skilaði 25,5 milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Hagnaður hluthafa á fyrri helmingi ársins nemur 45,8 milljörðum króna.

**Yfir spám** | Exista skilaði um 18,4 milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Þetta var um fjöru tíu prósentum meiri hagnaður en meðaltalsspá Glitnis og Kaupþings hljóðaði upp á.

**Hærra verðmat** | Citigroup hefur hækkað markgengið á Kaupþingi upp í 1.500 krónur á hlutinn og mælir með kaupum í bankanum. Þetta er um 17,5 prósentu hækking frá fyrra verðmati.

**Hagnaður eykst** | Bakkavör hagnaðist um 3,2 milljarða króna eftir skatta á fyrri helmingi árs. Hagnaður félagsins jókst um tuttugu og sjö prósent sé miðað við sama tímabil í fyrra.

**Til Kanada** | Geysir Green Energy ehf. hefur gengið frá samningi um kaup á um tuttugu prósentum hlutafjár í kanadíska jarðhitafyrirtækinu Western GeoPower Corporation (WGP).

# Íslensku félögin bera af

## Exista hækkar mest af stærstu fjármálfyrirtækjum Norðurlanda á árinu en Kaupþing vex hraðast.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Exista, Glitnir, Kaupþing, Landsbankinn og Straumur-Burðarás eru í algjörum sérflokki þegar gengishækkunir tuttugu stærstu fjármálfyrirtækja Norðurlanda á árinu eru skoðaðar. Íslensku fyrirtækin fimm hafa öll hækkað um fimmtung eða meira það sem af er ári en aðeins tvö önnur fyrirtæki eru upp um tíu prósent frá ársbyrjun. Exista leiðir þau félög sem hafa hækkað hvað mest á árinu, um 67 prósent við lokun markaða á mánudaginn. Landsbankinn og Kaupþing komu þar á eftir með tæplega helmingshækkun.

Góð uppgjör hjá bönkunum og væntingar um frekari yfirtökur skýra miklar hækkunir á íslenskum félögum á þessu ári að mati Hermanns Þórissonar, sérfræðings hjá Landsbankanum. „Aðstæður á markaði hafa hjálpað til, fjármögnun bankanna er ódýrari og þeim gengur vel að fjármagna sig í skuldabréfum og innlánun. Í upphafi árs voru einnig klárlega tækifæri á markaðnum að okkar mati.“

Þrjú íslensk fyrirtæki eru í hópi tíu verðmætustu fjármálfyrirtækja Norðurlanda. Kaupþing er það langverðmætasta, metið á rúma 900 milljarða króna, en Glitnir og Landsbankinn koma þar á eftir og Exista situr í ellefta sæti. Áhrif Íslendinga á þessum lista eru meiri

en sem nemur eignarhlut þeirra í íslensku fyrirtækjunum því fyrir ofan Kaupþing situr Sampo Group í Finnlandi sem er að fimmtungshluta í eigu Existu. Exista á tæpan fjórðung í Kaupþingi sem á fimmtungshlut í Storebrand í Noregi, fimmtánda verðmætasta félaginu.

Ekkert norrænt fjármálfyrirtæki hefur vaxið meira að verðmæti en Kaupþing. Frá áramótum hefur verðmæti félagsins aukist um hvorki meira né minna en 280 milljarða króna. Citigroup metur hlutinn í Kaupþingi á 1.500 krónur og miðað við það mat er Kaupþing á við verga landsframleiðslu Íslands á síðasta ári sem var yfir 1.100 milljarðar.

Hermann segir erfitt að áætla hversu mikið bankarnir geti vaxið. Það fer eftir því hversu vel stefna stjórnenda gengur eftir og hversu gott aðgengi fyrirtækið hefur að viðbótar eigið fé. „Það er greinilegt að Kaupþing er farið að banka upp í stærðina á DnbNor [stærsta banka Noregs].“ Hann bendir einnig á að krónan hafi styrkst mikið á árinu þannig að öll íslensku fyrirtækjin verða verðmætari í erlendum myntum fyrir vikið. Ef hún hins vegar veikist dregur úr virði fyrirtækjanna í erlendri mynt.

Nordea ber eftir sem áður höfuð og herðar yfir önnur norræn fjármálfyrirtæki. Það er metið á 2.540 milljarða sem er meira en samanlagt heildarvirði íslensku fyrirtækjanna á listanum.

### 16 STÆRSTU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI NORÐURLANDA

Gengisbreyting á árinu	Markaðsvirði
Exista	66,9% 427
Landsbankinn	47,2% 430
Kaupþing	45,1% 903
Glitnir	26,6% 439
Straumur-Burðarás	21,0% 218
Codan	10,2% 310
Storebrand	9,8% 229
Sampo Group	5,6% 1.034
Jyske Bank	5,2% 294
SEB	4,6% 1.373
Nordea	2,0% 2.540
TrygVesta	-0,8% 327
Swedbank	-3,4% 1.126
Danske Bank	-6,5% 1.086
DnB Nor	-8,9% 1.797
	-12,2% 1.091

Heimild: Euroland, tölur m.v. lok mánudags

## Glitnir fram úr væntingum

Hreinar rekstrartekjur aldrei hærri, en kostnaður nærri tvöfaldast á milli ára.

Glitnir skilaði 9,5 milljörðum króna í hús á öðrum ársfjórðungi sem var rúmum 1,1 milljarði króna meira en meðaltalsspá markaðsaðila hljóðaði upp á. Þetta er næstbesti ársfjórðungur bankans frá upphafi en sá besti kom á öðrum ársfjórðungi í fyrra þegar félagið hagnaðist um ellefu milljarða króna. Nam arðsemi eiginfjár 24,2 prósentum á síðasta fjórðungi.

Á fyrri árhelmingi var hagnaður bankans 16,5 milljarðar króna og myndaðist 45 prósent af hagn-

aði fyrir skatta utan Íslands.

Hreinar rekstrartekjur hafa aldrei verið hærri en þær námu alls 23,2 milljörðum króna á fjórðungnum. Sem fyrr liggur tekjuvöxtur bankans í gegnum þóknunartekjur sem námu 8,9 milljörðum króna og jukust um 22 prósent frá fyrsta ársfjórðungi. Hreinar vaxtatekjur, sem hækkuðu um sama hlutfall, voru 9,7 milljarðar króna. Hreinar fjármunatekjur og aðrar rekstrartekjur voru rúmir 4,6 milljarðar.

Rekstrarkostnaður vex þó-

nokkuð. Hann var 12,1 milljarður, óx um fjöru tíu prósent frá fyrsta ársfjórðungi og hefur tæplega tvöfaldast á milli ára. Aukinn launakostnaður skýrir þennan vöxt en starfsmönnum bankans hefur fjölgað um 500 frá áramótum.

Heildareignir bankans stóðu í 2.335 milljörðum króna í lok júní og hafa vaxið um fjögur prósent á árinu. Eigið fé var 151 milljarður. Eiginfjárhlutfall (CAD) er hátt eða um 13,2 prósent en eiginfjárbáttur A um 9,4 prósent. - epa

**TrackWell**  
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK  
14,7%\*

GBP  
6,1%\*

DKK  
5,1%\*

USD  
5,3%\*

EUR  
5,1%\*

CAD  
4,7%\*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveyriseikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbodslýsingar og útdráttar úr útbodslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. júní – 30. júní 2007.



## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	-9,45%	34,62%
Bakkavör	-6,63%	5,92%
Exista	-6,01%	66,89%
FL Group	-8,33%	7,84%
Glitnir	-4,22%	26,61%
Eimskipafélagið	-1,00%	22,15%
Icelandair	-4,46%	4,71%
Kaupþing	-4,39%	45,07%
Landsbankinn	-4,41%	47,17%
Mosaic Fashions	1,18%	12,42%
Straumur	-8,08%	20,98%
Teymi	-0,36%	3,70%
Össur	-3,59%	-4,87%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Berjast við sjóði um bestu bitana

Bakkavör vill vaxa í V-Evrópu, Kína og Tailandi.

Bakkavör Group vill vaxa með kaupum á starfsemi í mest allri Vestur-Evrópu og í Asíu, til dæmis í Kína og Tailandi. Þetta kom fram í máli Ágústs Guðmundssonar, forstjóra Bakkavarar, á kynningarfundum félagsins í vikunni.

Ágúst viðurkennir að erfitt geti verið að finna góð tækifæri á nýjum mörkuðum í Evrópu, enda á félagið í harðri samkeppni við fjárfestingarsjóði (private-equity) um bestu bitana. Verðmiðar á fyrirtækjum í flestum geirum hafa farið hækkandi vegna áhuga sjóðanna á þeim.

Hann er þó vongóður um að hlutirnir breytist til betri vegna erfiðleika fjárfestingarsjóða á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Aðstæður til vaxtar eru mun hagnafeldari í Bretlandi og Frakklandi þar sem félagið hefur mikla starfsemi fyrir og því mikið forskot á sjóðina.

Tesco, stærsti viðskiptavinur Bakkavarar, blés nýverið til sóknar í Bandaríkjunum og útilokar Ágúst ekki að Bakkavör komi þar við sögu í náinni framtíð. „Við erum eins og er að skoða möguleika varðandi Bandaríkin

og hvernig við getum farið inn á þann markað á skynsaman hátt.“

Bakkavör hagnaðist um 3,2 milljarða króna á fyrri hluta ársins og jókst hagnaður um 27 prósent á milli ára. Markaðsaðstæður eru þó óvenju erfiðar, einkum vegna veðurfars í Bretlandi í sumar og hækkandi hráefnisverðs. Ágúst er þó tiltölulega sáttur með útkomuna miðað við aðstæður og bendir á að sterkt sjóðsstreymi félagsins nýttist til góðra verka. Félagið hafi aldrei áður fjárfest eins mikið í framtíðarvexti sínum og nú. -epa

## Svartsýni eykst

Væntingavísitala Gallups lækkadi um 13,8 prósent síðastliðinn mánuð og virðist því heldur hafa dregið úr væntingum íslenskra neytenda.

Drátt fyrir að neytendur séu almennt sáttir við núverandi ástand; lítið atvinnuleysi, hækkunar á eignaverði og aukningu kaupmáttar, eru fleiri svartsýnir en hjart-sýnir á horfur eftir sex mánuði.

Fram kemur í Morgunkorni Glitnis að niðurstaðan sé ánægjufni fyrir Seðlabankann, en háu vaxtastigi bankans sé ætlað að draga úr einkaneyslu og þar með þenslu. Stýrivextir Seðlabankans standa nú í 13,3 prósentum. -jsk

## Kaupmáttur ýtir undir fasteignaverð

Fjögurra vikna velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu jókst um 155 prósent miðað við sama tímabil í fyrra og hefur ekki verið meiri á þeim tíma sem gögn ná til. Veltan í júní nam 28,7 milljörðum króna.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir nokkrar ástæður liggja að baki miklum umsvifum á fasteignamarkaði; laun hafi hækkad um rúm tíu prósent síðasta árið, auk þess sem kaupmáttur hafi aukist um fimm prósent. Þá sé atvinnuleysi í algeru lágmarki og fólk hafi þar af leiðandi meira sjálfstraust til stórra fjárfestinga en í öðru árferði. Ásgeir

bætir við að fólksfjöldun hafi orðið í Reykjavík undanfarið ár, og bendir á að skattframteljendur hafi fjölgað um fimm prósent milli ára.

„Fasteignaverð hefur nú ekki hækkad að ráði á þessu tímabili. Það skýrist væntanlega af því að stýrivaxtahækkunar Seðlabankans eru ekki enn komnar inn í myndina þar sem bankarnir hafa enn ekki hækkad útlánvexti. Því má væntanlega búast við núna, þótt ekki verði neinar gríðarlegar verðhækkunar,“ segir Ásgeir, sem telur að velta á fasteignamarkaði muni heldur minnka næstu misserin.

-jsk

## Viðsnúningur hjá Össuri

Stoðtækjarisinn Össur tapaði á fyrri helmingi árs, þrátt fyrir hagnað á öðrum ársfjórðungi.

Össur tapaði 1,2 milljónum Bandaríkjadala fyrstu sex mánuði árs, eða 81,8 milljónum króna sé miðað við meðalgengi á tímabilinu. Mikill viðsnúningur varð hins vegar á öðrum ársfjórðungi og skilaði félagið 1,5 milljónum Bandaríkjadala í hagnað, eða sem nemur 94,4 milljónum íslenskra króna.

Sala Össurrar nam 11,1 milljarði íslenskra króna á fyrri helmingi árs og jókst um rúman þriðjung milli ára. Alls seldist fyrir 5,6 milljarða íslenskra króna á öðrum ársfjórðungi.



JÓN SIGURÐSSON FORSTJÓRI ÖSSURAR Sala Össurrar nam 11,1 milljarði króna á fyrri helmingi árs og jókst um rúman þriðjung milli ára.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagðist sjá skýr merki um viðsnúning hjá fyrirtækinu í Evrópu, á meðan tímabundins samdráttar gætti í Bandaríkjunum: „Við erum hjart-sýn á að breytingar á sölukerfi okkar muni skila verulega jákvæðum áhrifum á næstu fjórðungi.“

Bréf í Össuri stóðu í 111 krónum á hlut undir hádegisgjöldum og höfðu hækkad um 3,26 prósent þann morguninn.

-jsk

## Lækkunar til marks um alþjóðleg áhrif

Íslensk hlutabréf hafa lækkað í samræmi við bréf á erlendum mörkuðum. Til marks um alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs að mati forstöðumanns greiningar Glitnis.

Jón Skaftason  
skrifar

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hefur lækkað um tæplega 4,5 prósent undanfarna viku og er lækkunin í samræmi við þær lækkunar sem orðið hafa á erlendum mörkuðum.

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis, segir íslenskan hlutabréfamarkað sifjellt verða alþjóðlegri. Stór hluti íslenskra félaga sé bæði með fjárfestingar og starfsemi erlendis, sem verði fyrir beinum áhrifum af gengi á erlendum mörkuðum, „Mörg félögin hér á landi eru með fjárfestingar og starfsemi erlendis. Þá eru margir innlendir fjárfestar sem eiga eignir í útlöndum, auk þess sem stórir erlendir fjárfestar eru orðnir umsvifamiklir á íslenskum fjármálamarkaði. Allt þetta er til marks um hversu alþjóðlegt viðskiptalífið er orðið.“

Breska FTSE 100-vísitalan hefur lækkað um 4,5 prósent undanfarna viku, hin franska CAC40 um 4,4 prósent og þýska DAXið litlu meira. Hin danska C20-vísitala hefur lækkað um tæplega 3,4 prósent, norska OBX-vísitalan um rúmlega 4,4 prósent og OMXS30 í Svíþjóð um tæplega 3,7 prósent. Dow Jones-vísitalan í Bandaríkjunum lækkaði um 4,2 prósent síðastliðna viku og hefur ekki lækkað meira á einni viku síðan árið 2003. NASDAQ-vísitalan lækkaði um 1,34 prósent.

Ingólfur telur hin alþjóðlegu áhrif einkum birtast á tvennan hátt; fjárfestingar erlendis rýrni í verði þegar skarpar lækkunar verða á mörkuðum líkt og



KAUPHÖLL ÍSLANDS Lækkunar undanfarna viku skýrast einkum af verðryrnun erlendra fjárfestinga og gengistapi, og þykja til marks um aukna alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### LÆKKANIR VÍSITALNA Í LÍÐINNI VIKU

Vísitala	Land	Lækkun %
OMXC20	Danmörk	-3,45
DAX	Þýskaland	-4,49
OMXH25	Finnland	-3,73
OMXI15	Ísland	-4,46
FTSE100	Bretland	4,51
NASDAQ100	Bandaríkin	-1,34
OBX	Noregur	-4,44
CAC40	Frakkland	-4,42
OMXS30	Svíþjóð	-3,65
Dow Jones	Bandaríkin	-4,20

undanfarna daga, auk þess sem veiking krónunnar valdi fjárfestum gengistapi.

Einnig sé athyglisvert að hér heima hafi ekkert sérstakt gerst sem gæfi tilefni til svo skarpra lækkana, til að mynda hafi uppgjörshrinan sem nú stendur yfir verið tiltölulega góð. „Markaðurinn hér heima hefur þó hækkad talsvert undanfarið. Menn fá alltaf smávægilegan hroll þegar svo er og búast við leiðréttingu. Sú kann að vera skýringin að einhverju leyti. Meginorsökin er hins vegar þessar breytingar sem orðið hafa erlendis og knýja innlendan hlutabréfamarkað niður.“

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

HÆFILEIKAKEPPNI BANDARÍKJANNA  
AMERICA'S GOT TALENT  
Í KVÖLD KL. 19:40

skemmtilegri



# Stór og sterk

Nú gæti verið rétti tíminn til að nýta sér sterka stöðu íslensku krónunnar og fjárfesta í erlendum verðbréfasjóðum.



**Alþjóðlegi hlutabréfasjóðurinn** hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til langs tíma á erlendum hlutabréfamörkuðum og nýta sér sterka stöðu krónunnar. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Sjóðurinn var með bestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði á síðasta ári; hækkaði um 43,18%\* á árinu 2006.

**BRÍK hlutabréfasjóðurinn** er alþjóðlegur sjóðasjóður og fjárfestir í heimssjóðum (Global Funds) sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga sem skráð eru í kauphöllum í **B**rasílíu, **R**ússlandi, **I**ndlandi og **K**ína. Sjóðurinn er einkum fyrir fjárfesta sem eru tilbúnir að fjárfesta í mörkuðum sem sveiflast töluvert meira en markaðir í Evrópu eða Bandaríkjunum og ættu því að skila meiri arði til lengri tíma.



**ENGIN sölubóknun til 1. sept. 2007**

Kynntu þér kosti þessara tveggja sjóða nánar á [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is) eða í síma 550 1310.

 **spron**  
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

BRÍK hlutabréfasjóðurinn og Alþjóðlegi hlutabréfasjóðurinn eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is).

## Skaðvaldar á svartan lista

Stjórnvöld í Kína hafa nú komið sér upp sínum fyrsta svarta mengunarlista. Hann þrýða þrjátíu kínversk fyrirtæki sem á einn eða annan hátt hafa brotið mengunarlög landsins.

Listinn er liður í tilraunum stjórnvalda til að stemma stigu við vaxandi mengun í landinu. Hún hefur aukist í beinu hlutfalli við aukinn hagvöxt. Fyrirtækin þrjátíu munu ekki geta tekið bankalán í Kína fyrr en þau hafa bætt



**MENGUN Í PEKING** Kínversk stjórnvöld hafa sett þrjátíu mengandi fyrirtæki á svartan lista.

rád sitt. Meðal þeirra eru matvælafyrirtæki, pappírs- og stálframleiðendur. Stjórnvöld í Kína hafa sett sér það markmið að draga úr útblæstri skaðlegra lofttegunda um tíu prósent á milli áranna 2005 til 2010. Á sama tíma eru tvö ný raforkuver, sem brenna kolum, olíu eða gasi, reist í viku hverri. Efast því ýmsir um að mögulegt muni reynast að standa við þær áætlanir. - hhs

## Journal rennur Murdoch úr greipum

Eigendur Dow Jones eru sagðir hafa horn í síðu Ruperts Murdoch og vilja að þóknalegri menn eignist fyrirtækið.

Ólíklegt þykir að News Corp, fyrirtæki ástralska fjölmiðla- og útgáfufyrirtækis Ruperts Murdoch, geti yfirtekið bandaríska fjölmiðlafyrirtækið Dow Jones, sem meðal annars gefur út hið víðfræga viðskiptatímarit Wall Street Journal.

Bancroft-fjölskyldan sem á 64 prósent hlut í Dow Jones, er sögð hafa horn í síðu Ruperts Murdoch, og vill heldur að félagið komist í hendur þóknalegri manna. Brad Greenspan, stofnandi MySpace-

tengslanetsins, hefur lýst því yfir að hann hafi áhuga á að komast yfir ráðandi hluta í Dow Jones.

Viðræður milli Dow Jones og News Corp hafa nú staðið í nokkrar vikur, og hafði stjórn Dow Jones lagt blessun sína yfir hugsanlega yfirtöku á félaginu. Nú virðist hins vegar hafa komið babb í bátinn.

Rupert Murdoch hefur lýst því



**RUPERT MURDOCH**

yfir að ritstjórnarlegt sjálfstæði Wall Street Journal verði tryggt komist hann yfir ráðandi hlut í News Corp. Murdoch hefur legið undir ámæli fyrir að skipta sér um of af efnistöku fjölmiðla sinna; þá sérstaklega bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar Fox, sem raunar er sú bandaríska fréttastöð sem hefur mest áhorf. - jsk

## Verkamannaskortur vandamál í Póllandi

Frá því að Pólland gekk í Evrópusambandið árið 2004 hafa meira en milljón ungir verkamenn elt hærri laun til annarra Evrópulanda. Fyrir vikið stendur landið frammi fyrir verulegum verkamannaskorti.

Árið 2012 verða Pólland og Úkraína gestgjafar Evrópukeppninnar í knattspyrnu. Opnunarathöfnin á að fara fram í Varsjá í Póllandi. Til þess er hins vegar engin aðstaða enn sem komið er. Tími er því til kominn að hefjast handa við undirbúninginn. Vandamálið er hins vegar að fólk skortir til vinnunnar.

Pólsk yfirvöld leita nú ýmissa leiða til að stemma stigu við þessu mikla útstreymi vinnuafis, eftir því sem segir í frétt á vefsiðu BBC. Laun í byggingariðnaði hafa hækkað verulega í landinu að undanförmu. Þá er reynt



**PÓLSKIR VERKAMENN** Skortur er á verkamönnum í Póllandi. Meira en milljón Pólverjar hafa flust frá landinu á undanförmum þremur árum.

að laða að verkamenn frá löndum Austur-Evrópu, Kína og Indlandi. Er þeim ætlað að fylla skarð pólsku verkamanna, í það minnsta svo lengi sem launin í Póllandi eru svo miklu lægri en í öðrum Evrópulöndum sem raun ber vitni. - hhs

## Stóraukin viskídrykkja

Eftirspurn eftir viskí hefur aukist gríðarlega síðustu árin og má ætla að sú þróun haldi áfram.

Áfengisframleiðandinn Bacardi hyggst fjárfesta fyrir rúma fjórtán milljarða í Skotlandi á næstu árum. Ætlunin er að margfalda framleiðslu fyrirtækisins á Dewar-viskí.

Búist er við stóraukinni eftirspurn eftir viskí næstu árin og er ætlun Bacardi að verða við þeirri eftirspurn. Áður hafði áfengisrisinn Diageo tilkynnt að tólf milljörðum króna yrði varið til að auka viskíframleiðslu fyr-



irtækisins í Skotlandi. Diageo er líklega stærsti áfengisframleiðandi í heimi; framleiðir margar þekktar áfengistegundir á borð við hið víðfræga Guinness-öl.

Sérstaklega hefur viskíneysla aukist í Kína, Singapúr og Venesúela. Þá var háskattur á viskí nýlega lagður af á Indlandi og er búist við að eftirspurn eftir viskí fjórfaldist þar í landi næstu árin. - jsk



**SJOERD VOLLEBREGT** Formaður framkvæmdastjórnar Stork heldur hér erindi á ársfundi samstæðunnar þar sem uppgjör hennar var kynnt í byrjun árs. MARKAÐURINN/AFP

## Enn biðstaða í Stork

Beðið er ákvörðunar Candover sem vill kaupa Stork. Marel hefur augastað á matvælavinnsluvélahluta samstæðunnar. Þróun mála hjá ABN Amro kann að hafa áhrif á yfirtökufærið.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Marel, sem í gegnum eignarhaldsfélagið LME, fer með um fimmtungshlut í hollenska iðnfyrirtækinu Stork, stendur enn gegn væntanlegu yfirtökutilboði fjárfestingarsjóðsins Candover á félaginu.

Marel hefur hug á að kaupa Stork Food Systems matvælavinnsluvélahluta Stork. Samkvæmt heimildum Markaðarins er ákveðin biðstaða í málinu og hefur ekki enn komið til alvarlegra viðræðna milli stjórnar Stork og Marels um kaup á matvælavinnsluvélahlutanum. Vangaveltur eru uppi um hvort Candover muni lækka skilyrði í tilboði sínu, sem gerir ráð fyrir því að 80 prósent hluthafa að minnsta kosti taki tilboðinu, eða hækki jafnvel væntanlegt tilboð. Beðið er ákvörðunar sjóðsins þar að lútandi. Stjórn Stork hefur mælt með væntanlegu tilboði sem hljóðar upp á 47 evrur á hlut. Forstjóri Candover hefur ekki látið annað eftir sér hafa um málið en fleiri en ein leið liggja milli Rómar og Mílanó. Gengi bréfa Stork er um þessar mundir heldur yfir 47 evrum og því ólíklegt að yfirtökutilboð komi frá sjóðnum óbreytt.

Þá kann að hafa áhrif á næstu skref að hollenski bankinn ABN-Amro hefur dregið til baka stuðning

sinn við yfirtökutilboð frá breska bankanum Barclays, en hann keppir við Royal Bank of Scotland (RBS) um að kaupa bankann. Vegur þar þungst laga-túlkun í Hollandi um að stjórn bankans sé ekki stætt á að styðja tilboð sem færi hluthöfum minna í aðra hönd en tilboð frá öðrum. ABN-Amro fer því þá leið nú að mæla með hvorugu tilboðinu. Staðan er sögð sambærileg við stöðuna hjá Stork því Barclays ætlaði að halda rekstrinum óbreyttum, en RBS að skipta honum upp. Stærstu hluthafar Stork hafa lýst áhuga á því að skipta upp samstæðunni, en Candover er sagst sama sinnis og stjórn Stork sem ekki hefur viljað selja hluta frá kjarnastarfseminni. Þó vekur spurningar um afstöðubreytingu hjá stjórn Stork ákvörðun hennar frá því á fimmtudag um að selja frá samstæðunni til Bencis Capital Partners 60 prósent eignarhlut í prentvinnsluhluta samstæðunnar, Stork Prints. Samkvæmt upplýsingum á vef samstæðunnar á þeirri sölu að ljúka í næsta mánuði.

Haft hefur verið eftir talsmanni Stork í hollenska viðskiptaritinu Het Financieele Dagblad að félagið hafi ekki heyrt af fleiri tilboðum í Stork þrátt fyrir orðróm um annað. Vangaveltur hafa verið uppi um viðræður Marels við fjárfestingarsjóði um gerð gagntilboðs í samstæðuna, en það hefur ekki fengist staðfest.

SÝN 2 BYRJAR  
4. ÁGÚST

VERÐ FRÁ  
2.368 KR.

**SÝN 2**  
enski boltinn

Við eigum eftir að eiga  
góðan vetur saman

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE





http://www.myphotos.com/sumarhus

MY PHOTOS

You aren't signed in [Sign In](#) [Help](#)


Home The Tour Sign Up Explore

Search Jóna's photos Search

**Sumarbústaðurinn okkar** View as slideshow  
(New window)


Collections Sets Tags Map Archives Favorites Profile

**Lagt af stað**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
7 comments

**Allir beint í pottinn!**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
11 comments

**Aðalskvísan**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
2 comments

**Hvað ertu sterkur?**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
1 comments

**Fíni nýi bústaðurinn okkar!**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
6 comments

**Lubbi alltaf vinsæll (þ.e. hundurinn)**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
15 comments

**Bestu vinir**




© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
0 comments

**Blómarós**



© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
3 comments

**Frábært að ferðast um landið**



© All rights reserved.  
Uploaded on Apr 15, 2007  
12 comments

# Sumarhúsalán

Hjá okkur geturðu fengið Sumarhúsalán til kaupa eða endurbóta á sumarhúsinu þínu.

Kannaðu málið nánar á vefsíðu okkar, [www.byr.is](http://www.byr.is), komdu í heimsókn eða hringdu í síma 575 4000.

\*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | [www.byr.is](http://www.byr.is)



# Klárir í slaginn eftir óskasameiningu

VBS fjárfestingarbanki stendur á tímamótum eftir metuppgjör. Jón Þórisson, framkvæmdastjóri VBS, segir að fram undan séu spennandi tímar á íslenskum fjármálamarkaði þar sem lítil fjármálafyrirtæki muni taka þátt í hagræðingu og sameiningum. Hann sagði *Eggerti Þór Aðalsteinssyni* að hjá VBS tækju menn ákvarðanir hratt og væru sjálfstæðir gagnvart hluthöfum.

**V**BS fjárfestingarbanki stendur á tímamótum og er byrjaður að brýna raustina. Í síðustu viku var birt fyrsta uppgjör bankans eftir samrunann við Fjárfestingarfélag sparisjóðanna (FSP). Hagnaðurinn á fyrri hluta ársins hljóðaði upp á rúmlega 1,1 milljarð króna, sem svarar til 39 prósentu ávöxtunar eigin fjár á ársgrundvelli. Óhætt er að segja að félagið hafi tekið stakkaskiptum eftir sameininguna við FSP. Um áramótin var eigið fé félagsins tæpir tveir milljarðar króna en stóð í 7,7 milljörðum króna í lok júní.

„Þetta var óskasameining,“ segir Jón Þórisson, framkvæmdastjóri VBS. „Það var ekki mikil arfleifð sem við fengum, enda var FSP tiltölulega ungt félag. Viðskiptavinirnir sem komu með voru fáir og enginn starfsmaður. Við fengum fyrst og fremst eigið fé með þessari sameiningu, sem býður upp á mörg tækifæri.“

Jón rifjar upp að fyrir nokkru leið varla sú vika án þess að ekki væri greint var stofnun fjármálafyrirtækis eða fjárfestingarfélags. „Staðreyndin er sú að það er pláss fyrir okkur eins og önnur félög. Það hefur hver fundið sína syllu og mér sýnist allir vera að gera það ágætt.“

## SJÁLFSTÆÐUR FJÁRFESTINGARBANKI

Jón hefur lifað og hrærst í bankaheiminum í meira en tvo áratugi. Fyrir algjöra tilviljun hóf hann störf kornungur í banka og var í forystusveit Íslandsbanka áður en hann hélt til VBS. Hann tók við af Jafeti Ólafssyni í fyrri og kann vel við sig á nýjum slóðum. „Það sem er svo skemmtilegt við þetta starf er að bankarekstur snýst ekki um peninga eins og margir halda. Hann snýst um fólk en peningarnir eru aukaatriði.“ Starfsmenn VBS eru nú yfir þriðjtu talsins og hefur liðsmönnum bankans fjölgað jafnt og þétt. Nýir starfsmenn hafa komið inn með nýja þekkingu og nýja sýn og styrkt þann hóp sem fyrir er.

VBS er hefðbundinn fjárfestingarbanki sem sinnir eignastýringu, miðlar verðbréfum, lánar til framkvæmdaverkefna, veitir ráðgjöf og hefur milligöngu við yfirtökur fyrirtækja. Jón segir VBS ávallt hafa haft það að leiðarljósi að vera óháður eigendum sínum og viðskiptavinum. Bankinn eigi til dæmis ekki andstæðra hagsmuna að gæta gagnvart sínum viðskiptavinum. „Sérstada okkar er einnig sú að við erum lítið fjármálafyrirtæki með stuttar boðleiðir. Við erum ekki endilega ódýrastir en tökum ákvarðanir hratt og náum þannig að svara þörfum viðskiptavina.“

## MIKIÐ RÝMI TIL VAXTAR

Uppgjörið sýnir glögt þær breytingar sem hafa orðið á bankanum á síðustu misserum sem skilar í miklum vexti vaxta- og þóknunartekjum á milli ára. Áður en bankinn fékk leyfi til banka-rekstrar í árslok 2005 hafði hann fyrst og fremst sinnt miðlun verðbréfa og eignastýringu undir merkjum Verðbréfastofunnar en með leyfinu gafst tækifæri til að fjölga stöðum undir rekstrinum. „Tekjurnar koma af mjög fjölbreyttri starfsemi, svo sem eignastýringu, miðlun og milligöngu á fyrirtækjasviði, lána-starfsemi og svo framvegis,“ bendir Jón á. Hann er ekki síður kátur með að í þessum mikla vexti tókst að halda kostnaði í skefjum. Rekstrarkostnaður var aðeins 23 prósent af tekjum, sem er með

því lægsta sem þekkt hjá íslensku fjármálafyrirtæki.

Eignir bankans voru um 23,6 milljarðar króna um mitt ár en ef horft er til núverandi eiginfjárhlutfalls (CAD) upp á um 30 prósent gæti efnahagsreikningurinn farið upp í 80 milljarða miðað við að CAD-hlutfall færi niður í tíu prósent. Jón tekur fram að það verði ekki gert í einu skrefi en markmiðið hljóti að vera að stefna í þá átt að nýta betur eigið fé. Þótt sameiningin við FSP hafi verið miðuð við síðustu áramót blessaði FME ekki samrunann fyrr en um það leyti sem uppgjörið var gert. Laust fé FSP var því ekki í höndum VBS fyrr en í lok uppgjörstímans og lá á peningamarkaðskjörum.

Jón er þess fullviss að árangur á seinni hluta ársins verði ekki lakari en þeim fyrri. „Við þurfum helst að sýna það á seinni hluta ársins að við getum þá náð betri árangri en á þeim fyrri. Það er margt sem bendir til þess. Við eigum eftir að ávaxta allt þetta eigið fé og við erum búin að landa nokkrum verkefnum frá síðasta uppgjöri, sem eykur líkur á að við náum markmiðum okkar.“

## SKRÁNING KEMUR TIL GREINA

Hluthafar í VBS eru 104 talsins og hafa verið lífleg viðskipti með hlutabréf félagsins sem ganga kaupum og sölum á óformlegum markaði á vegum bankans. Gengi bréfanna hefur hækkað um 82 prósent á árinu og er bankinn nú metinn á 14,4 milljarða en markaðsvirðið stóð í tíu milljörðum þegar greint var frá samrunanum við FSP. Jón segir að nýir fjárfestar hafi sýnt félaginu áhuga auk þess sem eldri hluthafar hafi viljað stækka sinn hlut. Sparisjóðirnir eru stærsti hluthafahópur VBS en stærsti einstaki hluthafinn er IceCapital sem er í eigu Sunds. Þá eiga stjórnendur bankans og starfsmenn rétt nálega fimmtungshlut í félaginu.

En hafa eigendur áhuga á að skrá félagið? „Hvað varðar mögulega skráningu á Kauphöll er það vissulega einn þeirra kosta sem til greina koma til að auka seljanleika hlutabréfanna og aðgengi fjárfesta að félaginu. Eins og sakir standa væri félagið líklega heldur lítið en miðað við hvernig bankinn hefur þróast á árinu og það sem er fram undan stöndum við ef til vill frammi fyrir þeirri leið sem raunhæfum kosti fyrr en síðar,“ segir Jón.

Mikil hagræðing og samþjöppun hefur orðið í íslenska fjármálaheiminum en breytingarnar eru bara rétt að hefjast að mati Jóns og er hann viss um að VBS muni koma þar við sögu með aðstoð styrkrar eiginfjárstöðu. Hann lítur á sparisjóðina sem stóra þátttakendur í þeim breytingum. „Við sjáum til dæmis hvað er að gerast hjá SPRON. Þeir eru að breyta sér í hlutafélag og það mun auðvelda þeim ýmislegt í framhaldinu.“ Því til staðfestingar að margt sé á döfinni bendir hann einnig á nýleg ummæli stjórnarformanns Byrs um að sjóðurinn horfi til sömu leiðar og SPRON, auk líflegra viðskipta með stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík.

## INNLÁN OG GREIÐSLUKORT

Á síðari hluta ársins verður aðalverkefni VBS að byggja upp fjölbreytta og trausta fjármögnun. „Það er mikið verkefni að fjármagna svona fyrirtæki, jafnvel þótt það sé ekki stærra en þetta,“ segir Jón en tekur fram að með þetta uppgjör í höndunum opnast leið til að sækja inn á erlenda



NÚVERANDI EIGINFJÁRSTADA GEFUR VBS KOST Á ÞVI AÐ MARGFALDA STÆRÐ SÍNA SEGIR JÓN ÞÓRISSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI BANKANS VBS stendur á tímamótum eftir fyrsta uppgjör bankans þar sem hagnaður reyndist vera yfir 1,1 milljarður króna.

MARKAÐURINN/GVA

lánamarkaði, til dæmis í gegnum sam-bankalán. Hingað til hefur bankinn meðal annars fjármagnað sig með skuldabréfaútgáfu innanlands og síðast með útgáfu skráðra vixla í Kauphöllinni sem seldust upp á svipstundu.

Einn leikur í því að styrkja fjármögnun bankans gæti orðið að sækja um viðskiptabankaleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu til að geta tekið á móti innlánnum frá viðskiptavinum. „Mér finnst ekki frá-leitt að við veltum því fyrir okkur hvort við ættum ekki að bjóða viðskiptavinum okkar upp á þá þjónustu að taka við peningum þeirra og ávaxta þá á innlánsformi. Það er í sjálfu sér stigsmunur á því og að ávaxta sparnaðinn í formi verðbréfaeignar í gegnum eignastýringu eins og við gerum í dag.“ Jón segir að fleiri hlutar af viðskiptabankastarfsemi ættu alveg heima í VBS og dettur honum jafnvel í hug að bankinn fari út í greiðslukortamiðlun.

## FLUTNINGAR FRAM UNÐAN

Verkefni VBS hafa mestmegnis verið á Íslandi en verkefni bankans eru að færast í auknum mæli út fyrir landsteinana, án þess að sú þróun tengist endilega beint útrás íslenskra athafnamanna. Nýverið var gengið frá þrennum viðskiptum í smásölustarfsemi á Bretlandi. „Við finnum fyrir því að jafnvel lítið fjármálafyrirtæki á Íslandi getur keppt við breska stórbanka. Það er fyrst og fremst vegna sveigjanleikans og þess hversu fljótir við erum að afgreiða okkar mál.“

Enn eitt merkið um að VBS er að ganga í gegnum mikið breytingarskeið er flutningur höfuðstöðva frá Suðurlandsbraut, þar sem fyrirtækið hefur verið alla sína tíð, í nýtt og nútímalegra húsnæði við Borgartún 26. Fyrirtækið fær alls um annað þúsund fermetra til umráða og eykur rýmið um þriðjung. „Þótt hér sé gott að vera hefur okkur fjölgað það mikið að okkur skortir meira pláss. Þangað flytjum við starfsemi um áramót.“

## HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

© Mentis 2007

**mentis** HUGBÚNAÐUR



**ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI**  
á <http://m.mentis.is>

**MARKAÐSVAKTIN**  
mobile





# Ævintýrlega gott á grillið um verzlunarmannahelgina!

Fjölbreytt úrval af fyrsta flokks kjöti og fisk á grillið.

Láttu matreiðslumenn okkar aðstoða þig við valið.



Grillaðar lambalundir í BBQ sósu



Alvöru hamborgari á grillið



Gómsæt sjóbleikja á grillið



T-bone steik að hætti Gallerí Kjöts

Prófaðu vinsælu sjávarréttagrillpinnana.



*Ævintýrlegar sælkerabúðir*

**Opnunartími búðana er 10:00 – 18:30** alla virka daga  
**Opið laugardaga 11:00 – 17:00.** á Höfðabakka, Búðakór,  
Dalvegi, Tjarnarvöllum Grensásvegi og Háaleitisbraut.  
**Opið sunndaga 11:00 - 17:00** á Dalvegi.



# Hótelbransinn

Um aldamótin síðustu voru blikur á lofti um að skortur á gæðum íslenskra hótela gæti staðið íslenskri ferðaþjónustu fyrir þrífum. Íslenskum hótelmarkaði hefur síðan verið snúið hratt úr vörn í sókn. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir komst að raun um að í dag einkennist hann af aukinni nýtingu, gæðum og fjölbreytileika. Ekkert lát virðist ætla að verða á þessari þróun.

**Á**r eftir ár hefur ferðamönnum fjölgað meira en vonir stóðu til um. Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs fjölgaði þeim sem fóru um Leifstöð um sautján prósent. Til að halda í við þessa þróun hefur verið þörf fyrir eins og eitt Nordica hótel í viðbót á landinu á ári hverju. Það eru um tvö til þrjú hundruð herbergi á ári. Þörfinni hefur verið svarað að miklu leyti. Hótel hafa spröttið upp eins og gorkúlur víða um land, auk þess að mörg þeirra hafa aukið við herbergjaframboð sitt.

Mest hefur uppbyggingin verið á höfuðborgarsvæðinu. Þar hefur nýtingin verið best og verð hækkað mest. Nýtingin hefur batnað mismikið eftir landslutum en alls

staðar hefur leiðin legið upp á við. Maí, apríl, september og október eru þeir mánuðir sem vaxið hafa hvað mest. Það eru góðar fréttir fyrir ferðaþjónustuna, þar sem nýting gistirýma hér á landi hefur verið talsvert lægri en í nágrannalöndum okkar. Nýtingarhlutfallið á höfuðborgarsvæðinu er nú um 55 prósent og á landsbyggðinni um 28,7 prósent. Til samanburðar er hún um 66,2 prósent í Osló og 61,7 prósent í Kaupmannahöfn samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu.

Breiddin í framboði gistirýma hefur einnig aukist verulega. Það kemur til af þeirri þörf að flóra ferðamanna sem hingað sækja er orðin töluvert fjölbreyttari en hún var fyrir fáum árum. Þeim sem kjósa að ferðast á sem ódýrastan máta hefur fjölgað með

auknum ferðum lágjaldflugfélaga til Íslands. Slegið er met í fjölda þeirra sem koma hingað með Norrænu um hverja einustu helgi. Þá má ekki gleyma viðskipta- og ráðstefnugestum, sem fjölgað hefur hratt í takt við aukna þátttöku Íslendinga í alþjóðlegum viðskiptum.

## LANGMEST UMSVIF Í REYKJAVÍK

Umsvif undanfarinna mánaða á reykjavískum hótelmarkaði og þau sem fyrirhuguð eru á næstu eru til marks um uppgang ferðaþjónustunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar er gert ráð fyrir sautján prósent fjölgun hótelherbergja í Reykjavík á árinu. Það eru 376 herbergi. Áætlaður heildarfjöldi hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu er því 2.578.

Á þessu ári kom Hótel Þingholt fram á sjónarsviðið með 54 herbergi. Stóra breytingin á árinu var að turninn við Grand hótel var tekinn í notkun. Við það bættust við tvö hundruð ný herbergi. Hótel Cabin og Hótel Borg bættu jafnframt við herbergjafjölda sinn. Á næstu dögum verður Hótel Arnarhvoll svo opnað í Ingólfsstræti með 104 nýjum herbergjum.

## Nordica verður Hilton í haust

Um miðjan september verður viðskipta- og ráðstefnuhótel Nordica vígt inn í alþjóðlegu Hilton-hótelkeðjuna með formlegum hætti. Undirbúningur að umskiptunum er nú í fullum gangi. Fyrst og fremst snýst hann um að laga skipulag hótelsins að gæða- og þjónustustöðlum Hilton-keðjunnar.

Ingólfur Haraldsson, hótelstjóri Nordica, býst við að viðskiptavinum hótelsins muni fjölga í kjölfar breytinganna. „Það veitir ekki af því að tryggja góða þjónustu hér á landi,“ segir Ingólfur. „Það er erfitt að fá faglært fólk eins og atvinnuástandið er. Verðlagið á Íslandi er þannig að þú borgar mikið fyrir lélega þjónustu og bara aðeins meira fyrir mjög góða þjónustu. Með því að verða hluti af alþjóðlegri keðju geta viðskiptavinir okkar gengið að því sem vísu að fá sömu þjónustu hér og á öðrum hótélum keðjunnar víðs vegar um heim.“

Langflestir gestir Nordica hótels eru hér á landi í viðskiptaerindum eða til að vera viðstaddir ráðstefnur. Þá eru hópar í hvata-

ferðum jafnframt algengir. Það er algengt að hingað komi hópar sem farið er með upp um fjöll og firnindi á jeppum og snjóslæðum. Algengt er að fyrirtæki bjóði sínum bestu starfsmönnum eða viðskiptavinum slíkar ferðir. „Þarna þarf þjónustan að vera mjög góð. Yfirleitt er um að ræða velborgandi fólk sem á sama tíma krefst mikillar þjónustu. Þessir hópar verða sífellt mikilvægari.“

Icelandair Hotels keðjan rekur auk Nordica Hótel Loftleiðir og Hótel Hérað á Austurlandi auk þess að hafa sérleyfissamninga við Hótel Flúðir, Hótel Hamar, Hótel Klaustur og Flughótelíð í Keflavík. Ingólfur segir sumarið hafa gengið vel hjá öllum hótélunum þótt þau spili inn á ólíka markhópa. Í hótélunum úti á landi hafi aukningin verið mest hjá einstaklingum eða litlum hópum í ferðum á eigin vegum. Þá segir hann aukinn straum viðskiptaferðamanna einnig ýta undir fjölgun ferðamanna á öðrum tíma. Algengt sé að þeir sem komi hingað í viðskiptaerindum snúi aftur



**INGÓLFUR HARALDSSON** Nordica verður með formlegum hætti vígt inn í Hilton-hótelkeðjuna í haust. Ingólfur Haraldsson, hótelstjóri á Nordica, býst við að viðskiptavinum hótelsins muni fjölga í kjölfar breytinganna. MARKAÐURINN/PIJTUR

að sumrinu til til að sjá meira af landinu.

Ingólfur hefur verið viðriðinn hótelbransann lengi. Áður en hann tók við starfi hótelstjóra á Hótel Nordica gegndi hann því starfi hjá Hótel Loftleiðum. Hann hefur fylgst glögg með fjölgun hótela landsins á undanföllum árum og sér ekki fyrir sér að lát verði á henni. Nýr samningur Icelandair Hotels og Rivulus ehf., sem er í eigu Glitnis, er til merkis um þetta. Félögin hafa í hyggju að reisa nýtt 133 herbergja glæsihótel við Lækjargötu 12. Er ætlunin að það verði opnað árið 2009.

## Sumarið ennþá

Sigurbjörn Sveinsson hefur lifað og hrærst í veitinga- og hótelbransanum í tuttugu ár. Hann er hótelstjóri KEA hótela á Norðurlandi, sem reka auk Hótel KEA, Hótel Hörpu, Hótel Norðurland á Akureyri, Hótel Borg og Hótel Björk í Reykjavík og Hótel Gíg við Mývatn. Hann er jafnframt einn af fimm eigendum keðjunnar.

Sigurbjörn segir sumarið hafa verið með besta móti í rekstri hótela. Vel megi merkja að ferðamannatíminn sé að teygjast til beggja átta frá sumarmánuðunum, inn á haustið og vorið. Hann segir hótel á landsbyggðinni þó enn eiga undir högg að sækja í þessu tilliti. „Hótel í Reykjavík er nú með góðu móti hægt að reka á ársgrundvelli. Þetta er ennþá mikil vertíð yfir sumarmánuðina hér norðan heiða.“ Gígur á Mývatni er þannig lokaður yfir vetrartímann, Hótel Norðurland er einnig lokað nema við sérstakar aðstæður. Sigurbjörn segir veturinn þó smám saman vera að taka við sér fyrir norðan. Ef skíðafæri sé gott eða góð sýning á fjöllum leikhússins komi til að mynda iðulega góður kippur í ásóknina.

Rekstur hótela á landsbyggðinni er einnig frábrugðinn rekstri á höfuðborgarsvæðinu að



# blómstrar



**Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs fjölgaði ferðamönnum sem fóru um Leifsstöð um sautján prósent. Til að halda í við þessa miklu fjölgun hefur verið þörf fyrir eins og eitt Nordica hótél í viðbót á landinu á ári hverju. Það eru um tvö til þrjú hundruð herbergi á ári.**

Enn virðist vera pláss á reykvíska markaðnum. Af stórum verkefnum sem fram undan eru má nefna nýtt fjögurra stjörnu 133 herbergja hótél Icelandair Hotels-keðjunnar sem áætlað er að opna í Lækjar-götu árið 2009.

Uppbygging á landsbyggðinni hefur líka verið mikil. Í lok síðasta árs var til að mynda lífstíls-hotélið Hótél Laki opnað í Efri-Vík,

um fimm kílómetra sunnan Kirkjubæjar-klausturs. Fyrir örfáum árum var ekkert fjögurra stjörnu hótél á landsbyggðinni, að undanskildu Hótél KEA sem alltaf hefur tilheyrt þeim gæðaflokki. Í dag eru þau þó nokkur, meðal annars Hótél Rangá og Hótél Reynihló.

#### BLAÐ BROTIÐ ÁRIÐ 2010

Vorið 2010 verður blað brotið í íslensku hótelsögu, gangi fyrirætlanir Portus-hópsins sem byggir við Reykjavíkurhöfn eftir. Fyrirætlað er að reisa, við hlið Tónlistar- og ráðstefnuhúss, fyrsta fimm stjörnu hótelið á Íslandi í samstarfi við bandarísku hótélkeðjuna Starwood Hotels. Hótelið verður af taginu W-hotel. Keðjan rekur fjölda slíkra hótela víðs vegar um heim en þau eru sérstaklega fyrir viðskiptaráðstefnur. Í hótelinu munu verða 350 til 400 herbergi, þar af nokkuð stór hluti hótélíbúðir. Gera má ráð fyrir að þjónusta og vöruframboð hótelsins verði fyrsta flokks, eins og sæmir stöðlum fimm stjörnu hótela. Ef þróun undanfarinna ára heldur áfram, eins og flest bendir til, má gera ráð fyrir að Portus-hópurinn sitji ekki lengi einn að fimm stjörnu hótélmarkaðnum.

## Þá aðalvertíðin

Því leyti að fleiri Íslendingar sækja hótél fyrir norðan en fyrir sunnan. Yfir vetrartímann á Akureyri er meirihluti gesta á hótélunum Íslendingar. Dæmið snýst svo alveg við á sumrin þegar útlendingar fylla öll hótélherbergi.

Markaðsskrifstofa Norðurlands vinnur stöðugt að því að laða fleiri ferðamenn til Akureyrar yfir vetrarmánuðina. „Þetta er lengri tíma verkefni sem við vonumst til að skili árangri í framtíðinni,“ segir Sigurbjörn. „Við erum til dæmis að berjast fyrir því að fá lengri flugbraut hérna á Akureyri. Hægt og örugglega er verið að vinna að því að markaðssetja svæðið. Markaðssóknin er hafin á Norðurlöndunum, enda er það enn sem komið er eini staðurinn sem hægt er að fljúga beint til Akureyrar frá útlöndum.“

Sigurbjörn segir KEA hótelin ekki endilega stefna að því að fjölga hótélum, þótt öll tækifæri séu skoðuð sem berist inn á borð. Ekki sé brýn þörf til að stækka. Frekar þurfi að nýta betur þau tækifæri sem þegar eru fyrir hendi innan keðjunnar.

Fólk í viðskiptaerindum eru ekki sá hópur sem mest hefur stækkað í viðskiptavinahópi KEA-hótélanna, eins og á mörgum af hótélunum



**SIGURBJÖRN SVEINSSON** Hótélstjóri KEA-hótélanna á Norðurlandi segir sumarið hafa verið með besta móti. Hann segir ekki brýna þörf til að stækka eða fjölga hótélum innan keðjunnar. Meiri ástæða sé til að fullnýta öll þau tækifæri sem þegar séu til staðar innan keðjunnar.

MARKAÐURINN/HELGI STEINAR PEDROMYNDIR.IS

í Reykjavík. Mest áberandi er fjölgun fólks sem ferðast á eigin vegum í stað þess að vera í hópi fólks. Sigurbjörn segir færast í aukana að þessi hópur panti ferðir sínar á netinu. Enn sé þó langmest um slíkar bókanir fyrir hótelin í Reykjavík. „Þetta eru ennþá skipulagðari ferðir hér fyrir norðan með tilheyrandi þátttöku ferðaskrifstofa. Þeir sem fara til Reykjavíkur nýta sér internetið frekar til að bóka gistingu en þeir sem hingað koma, hver svo sem skýringin er á því.“

**REYKJAVÍKURHÖFN ÁRIÐ 2010** Gangi áætlanir eftir verður blað brotið í íslensku hótelsögu vorið 2010. Þá mun Portus-hópurinn, sem stendur fyrir byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn, opna fimm stjörnu hótél við hlið mannvirkisins. Hótelið verður rekið í samstarfi við alþjóðlegu hótélkeðjuna Starwood Hotels.



**MAGNÚS ODDSSON FERÐAMÁLASTJÓRI** Magnús Oddsson segir vel hafa tekist til við að bæta úrval íslenskra gististaða á undanförunum árum. Ekki einungis hafi gistirýmum fjölgað verulega heldur hafi gæðin aukist til muna á öllum verðstigum.

MARKAÐURINN/HEIDA

## Gæðin númer eitt, tvö og þrjú

Um síðustu aldamót lýsti Magnús Oddsson, ferðamálastjóri hjá Ferðamálastofu, yfir áhyggjum af því að skortur á gæðum gistingu- og ferðamöguleika á Íslandi gæti staðið íslensku ferðapjónustu fyrir þrífum. Margt hefur breyst síðan þá. „Á tiltölulega stuttum tíma hafa málin snúist í mjög jákvæða átt,“ segir Magnús. Hann segir sérstaklega þrennt hafa breyst. Í fyrsta lagi hafi gæðaflokkun gististaða verið komið á fyrir sex árum síðan. Slík stjórngjöf sé nauðsynleg til að neytendur geti áttað sig á hvers konar þjónustu þeir séu að kaupa. Þetta sé ekki síður mikilvægt fyrir þá sem standi í að byggja hótél svo þeir hafi ákveðna staðla til að fara eftir. Í öðru lagi hafi gæði gistirýma aukist verulega, bæði á dýrari og ódýrari gististöðum. Þetta sé mikilvægt í ljósi þess að um heim allan aukist kröfur neytenda um gæði í öllum verðflokkum. Í þriðja lagi sé koma alþjóðlegra keðja til Íslands, Radisson SAS, Hilton og Starwood Hotels, verulega mikilvæg. Það segi neytendum sem þekki lítið til Íslands að hér sé gistingu að fá í þeim gæðaflokki sem þessar alþjóðlegu keðjur krefjast. „Þróunin hér á landi á undanförunum árum hefur verið mjög jákvæð,“ segir Magnús. „Vel hefur tekist til við að fjölga gistirýmum. Það sem er þó jafnvel ennþá ánægjulegra er að gæði gistingu- og ferðamöguleikanna hafa stóruaust á skömmum tíma.“

#### SNJÓBOLTINN STÆKKAR ÖRT

Á undanförunum árum hefur dregið nokkuð úr árstíðasveiflum í ferðapjónustu og þar af leiðandi hótélrekstri. Þetta má meðal annars þakka þeirri vinnu sem opinberir aðilar og fyrirtæki hafa lagt í kynningu á Íslandi og þeim möguleikum sem hér er að finna á öllum árstímum. „Markaðsstarf er þó bara hluti af ástæðunni,“

segir Magnús. „Þetta eru fjölmargir samverkandi þættir. Stóruaustið framboð á ferðamöguleikum til landsins skiptir einnig gríðarlegu máli svo og þróun í vöruframboði.“ Þá segir hann ekki mega líta framhjá þeirri kynningu sem kemur af góðu umtali og berst frá manni til manns. Hingað hafi komið fimm milljónir manns á síðastliðnum fjórutíu árum. Eftir því sem þessi snjóbolti stækki aukist þessi mikilvæga kynning.

Árlega koma hingað til lands um átta hundruð fjölmiðlamenn á ári sem skrifa og segja frá landinu. Oft á tíðum er Ferðamálastofa hvatinn að koma þeirra hingað til lands. Margir þeirra koma einnig til að vera viðstaddir einstaka viðburði, eins og Iceland Airwaves og Food&Fun. Magnús nefnir dæmi um nýlega stórumfjöllun um Ísland í bandaríska ferðablaðinu Condé Nast Traveler. Hefði einhver þurft að greiða fyrir þá umfjöllun hefði hún kostað um sjötíu milljónir íslenskra króna. Kynning af þessu tagi sé því ómetanleg eins litlu landi og Íslandi.

#### GÆÐAKRAFAN HÁVÆRUST

Magnús segir ímynd Íslands hafa breikkað verulega á undanförunum árum. Áður fyrr hafi hún nær eingöngu snúist um náttúruna. Hægt og bitandi hafi hins vegar menningin orðið ríkari hluti af ímynd landsins. „Um allt land eru nú komin setur og söfn af ýmsu tagi. Vel hefur tekist til við að gera menningu okkar sýnilega og aðgengilega. Þetta hefur skilað sér beint í víðtækari ímynd á landinu.“

Samfara þessari breytingu hafa gæði og breidd í þjónustuúrvali aukist verulega. Magnús gerir ráð fyrir að sú krafa verði enn háværi þegar fram líða stundir. „Það er ekki ólíklegt að fleiri tegundir gistingu- og ferðamöguleika bætist við flóruna. En aðalatriðið er að gæðin eru og verða númer eitt, tvö og þrjú.“



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Okur fær betur viðgengist í viðskiptum meðan fólk lætur ráða önnur sjónarmið en verð og þjónustu.

## Viðskiptatryggð kann að vera til trafala

Óli Kristján Ármannsson

Skortur á samkeppni á bankamarkaði hér heima hefur verið viðvarandi stef í orðræðu bæði fræði- og stjórnmálamanna um alllangt skeið. Fjármálastofnanir hafa jafnan hafnað þessu og vilja meina að hér skorti ekkert á samkeppni, aukinheldur sem þjónustugjöld séu heldur lægri og þjónusta meiri en almennt gerist í bönkum á Norðurlöndum.

Þrátt fyrir að bankarnir hafi breið bök má ekki gleymast að orðum fylgir ábyrgð og vilji menn láta taka sig alvarlega í opinberri umræðu í stað þess að vera úthrópaðir þráhyggjukverúlantar verður slík gagnrýni að vera málefnaleg.

Óvíst er hvað veldur þeirri ímynd að bankarnir okri, annað en að fólk sjái ofsjónir yfir miklum vexti þeirra og hagnaði síðustu ár, en bróðurparturinn af þeim hagnaði verður til utan landsteinanna af margvíslegri starfsemi og bankaþjónustu sem þar er veitt. Þá hafa sparisjóðirnir, þrátt fyrir samþjöppun sem ekki sér fyrir endann á, veitt stóru viðskiptabönkunum þremur bæði aðhald og samkeppni á markaði hér innanlands, jafnvel þótt þeir njóti langt því frá sömu kjara og stóru bankarnir í fjármögnun starfsemi sinnar.

Í skýrslu norrænna samkeppnisstofnana um samkeppni á norrænum viðskiptabankamarkaði, sem kynnt var fyrir tæpu ári síðan, er engu að síður bent á að hér sé samþjöppun mikil á bankamarkaði, sem og annars staðar á Norðurlöndum. Eins hefur enginn erlendur banki enn séð sér hag í að berjast hér um íslenska neytendur, hvað sem síðar kann að verða í þeim efnum. Enda getur tæpast verið spennandi tilhugsun að ætla að taka dýran slag á svo litlum markaði. Líklegra væri þá að erlendir banki myndi kaupa íslenskan banka.

Þá er viðskiptatryggð rík á bankamarkaði hér þótt með aukinni samkeppni á íbúðalánamarkaði hafi nú í seinni tíð komið fyrir að viðskiptavinir skipti alveg um banka í endurfjármögnun lána sinna. Óvíst er þó hvort þar ræður meiru verðvitund og samamburður kjara eða máttur auglýsinganna. Þá þarf enginn að vera hissa á því þótt ákveðin íhaldssemi einkenni ákvarðanir um hvar maður leggur inn launin sín. Almennt virðast íslenskir neytendur samt ekki gefa því mikinn gaum hvað hlutirnir kosta og hafa sumir hverjir látið allt önnur sjónarmið ráða því við hvern er skipt.

Þar hafa stjórnmálaskoðanir og hagsmunapólitík önnur spilað stórt hlutverk. Þankagangur sem slíkur er sem betur fer á útleið þótt hægt gangi sums staðar. Þannig brá til dæmis nýverið mjög í brún bónda í Flóanum sem af samvissusemi hefur árum saman forðast öll önnur olíufélög en Esso vegna óskilgreindra tengsla við ákveðinn stjórnmálaflokk, lítinn en áhrifamikinn, þegar honum varð ljóst hversu gagngerar breytingar höfðu orðið á eignarhaldi olíufélaganna. Vonandi síast smám saman inn hér samkeppnishugsun þar sem fólk gefur gaum þeim kjörum sem í boði eru. Þá er líka kannski helst von til þess að hér hægi á verðbólgu ef fólk hættir að láta bjóða sér hvaða verð sem er fyrir hlutina.

eggert@markadurinn.is | haffidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olivr@markadurinn.is

## Auglýsingasími

512  
5050



– Mest lesið

# Engum finnst gaman að borga skatta

ORÐ Í BELG

Halla Tómasdóttir framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.



Við viljum öll njóta góðra lífskjara. Við viljum búa við góðan húsakost, eiga kost á góðri heilbrigðisþjónustu, ganga í góða skóla, hafa efni á að sinna áhugamálum okkar og jafnvel komast til útlanda þegar sumarið er ekki eins frábært og nú í ár. Meirihluta þeirra hlunninda og þjónustu sem við óskum eftir í lífinu greiðum við fyrir með beinum hætti. Ákveðinn hluti fellur síðan undir opinbera þjónustu. Fjármögnun á þeirri þjónustu fer fram í gegnum skattheimtu.

Engum finnst gaman að borga skatta, en við gerum það til að hægt sé að fjármagna þá opinberu þjónustu sem sátt er um að veita. Hversu umfangsmikil þessi þjónusta á að vera er grundvallarspurning stjórnmála og líklega ekkert eitt rétt svar við henni.

### DRIFKRAFTUR ÞRÓUNINNAR

Það hefur komið glögglega í ljós á undanförmum árum að athafnafrælsi í atvinnulífi og virkjun á krafti einkaframtaks skilar sér með auknum lífskjörum fyrir alla landsmenn. Almenn hagsæld og uppgangur íslenskra fyrirtækja síðustu árin á sér vart hlöðstæðu í sögunni. Einn helsti drifkrafturinn í þessari þróun hefur verið fjölbættar skattalækkningar.

Tekjuskattur fyrirtækja og einstaklinga hefur lækkað umtalsvert, auk þess sem skattur á fjármagnstekjur var skilgreindur sérstaklega fyrir um áratug

síðan. Það ber oft á því í umræðu um skattalækkningar að þar muni einhver græða en annar tapa. Ef tekjuskattur á einstaklinga sé lækkaður verði ekki til nægir peningar til að fjármagna þjónustu hins opinbera. Ef tekjuskattur fyrirtækja sé lækkaður græði eigendur þeirra en almenningur borgi brúsann. Þetta er alls ekki raunin.

### KALLAR EKKI Á SKERÐINGU

Lægri skattheimta hvetur fólk til vinnu og ýtir undir örari vöxt og aukna framleiðni. Þróunin hér síðustu árin sannar þetta svo um munar.

Hlutfallsleg skattlagning hefur farið lækkanði, en á sama tíma hefur vöxtur hagkerfisins verið það mikill að heildarskatttekjur hafa aukist með miklum hraða. Það sem meira er, þrátt fyrir að útgjöld ríkisins hafi vaxið með sama hraða og hagkerfið hefur staðið eftir tekjuafgangur til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Það er því ljóst að ekki er jafn aðarmerki á milli skattalækkana og þjónustuskerðingu hins opinbera.

Þeim efnahagsslaka sem skertur þorskvóti og minnkandi umsvif í stóriðjuframkvæmdum fylgir væri skynsamlegast að mæta með skattalækkunum. Þannig væru aukin umsvif einkageirans mun vænlegri mótvægisáðgerð en misgagnlegar ríkisframkvæmdir.

Það er mín tillaga að tekjuskattur fyrirtækja verði lækkaður í 10 prósent um áramót og í kjölfarið verði tekjuskattur einstaklinga lækkaður í skrefum um 5 til 6 prósent.

### MIKILL LANGTÍMAÁBATI

Við höfum tækifæri sem ekki mörgum þjóðum býðst. Mögulegt er að lækka skatta umtalsvert með afar lítilli áhættu. Traust staða ríkissjóðs gefur okkur færi á að brúa þá skammtíma tekjuskertöngu sem mögulega ætti sér stað. Þróun síðustu ára hefur sýnt fram á tækifærin sem felast í lækkan skattheimtu og þau eru síður en svo fullnýtt.

Með því að standa í fremstu röð hvað viðskipta- og skattumhverfi varðar væri Ísland að nýta möguleika sína enn frekar. Landið væri ekki eingöngu hagsfelldur staður fyrir innlend fyrirtæki að reka starfsemi sína heldur myndu erlend fyrirtæki sækja í auknum mæli til landsins með tilheyrandi skatttekjum. Þannig væri langtímaábatinn af slíkri breytingu afar mikill, öllum til hagsbóta.



NÝR VEFUR OPNAÐUR Árni Mathiesen fjármálaráðgjafi opnar vef stjórnvalda um skattamál í marsþjun á þessu ári. Vefinn er að finna á slóðinni www.skattur.is.

MARKAÐURINN/VILHELM

## UM VÍÐA VERÖLD

### Trúverðugleikinn í hættu

The Guardian | Háir stýrivextir í Bretlandi eru farnir að hafa áhrif á hegðun neytenda, samkvæmt The Guardian. Fram kemur í blaðinu að **The Guardian** var meðal breskra verslunareigenda

hafi sautján prósent fleiri sagt viðskipti hafa verið slæm nú í sumar frekar en góð. Svo svartsýnir hafa verslunareigendur ekki verið undanfarið ár og þrjá mánuði. Flestir verslunareigenda sáu heldur ekki fram á betri tíð síðar á árinu. „Við teljum að stýrivextir haldi áfram að hækka og verði komnir í sex prósent nú í október. Líklega stöðvast þó vaxtahækkunarferlið þar,“ hefur blaðið eftir Howard nokkrum Archer, hagfræðingi hjá Global Insight. Archer bætir síðan við að Englandsbanki hljóti að hafa áhyggjur af eigin trúverðugleika í ljósi áframhaldandi verðhækkana á mat og eldsneyti. Stýrivextir standa nú í 5,75 prósentum í Bretlandi.

### Verður erkikomminn kapitalisti?

BBC | Vefsíða Breska ríkisútvarpsins, BBC, veltir því upp hvort efnahagsumbóta megi vænta á Kúbu. Fidel Castro hefur ráðið lögum og lofum á eyjunni undanfarin 49 ár, en er nú veill og heilsutæpur. Michael Voss, fréttamaður BBC í Havana, telur að



yngrri bróðirinn Raul, sem haldið hefur um stjórnartaumana í fjarveru Fidels, sé frjálslyndari í efnahagsmálum og bendir á að nú þegar hafi umbætur orðið á landbúnaðarkerfi landsins. Raul lætur bændurna ennþá skila sínu í ríkiskassann en leyfir þeim að selja það sem umfram er á þar til gerðum mörkuðum. Voss telur þetta til merkis um að Raul vilji fylgja Kínverjum og breyta hagkerfinu í átt til kapitalisma. „Vandinn er bara sá að þótt Fidel sé ekki mjög sýnilegur um þessar myndir er ólíklegt að alvöru breytingar verði án hans samþykkis. Hvað þá að honum forspurðum,“ segir Voss.

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Haffíði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skafason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSIÐMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.



## SAMNINGATÆKNI

## Þegar titlar skipta máli

Í síðustu viku var undirritaður samningur á milli Eimskips og Qingdao Port Group um rekstur Eimskips á stærstu kæli- og frystigeymslu í Kína. Undirritunin fór fram á Bessastöðum að viðstöddum Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, en verkefnið hófst einmitt í kringum heimsókn forsetans til Kína sumarið 2005.

Einhverjir hafa orðið til þess að gagnrýna að forsetaembættið kom að undirskriftinni og að Bessastaðir skuli nýttir fyrir viðburðinn. Slík gagnrýni lýsir skorti á þekkingu á mikilvægi ráðamanna í útrás íslenskra fyrirtækja. Aðkoma opinberra aðila, ekki síst forsetaembættisins og utanríkisráðuneytisins, er gríðarlega mikilvæg við sköpun viðskiptatengsla í ríkjum þar sem regluveldi er sterkt og „valdafjarlægð“ (Power Distance) er mikil – eins og til dæmis í Kína, á Indlandi og í Japan.

Skipt getur sköpun við að ná tengslum við æðstu stjórnendur fyrirtækja í þessum löndum og styrkt mjög stöðu í viðkvæmum samningaviðræðum að geta sýnt fram á að fyrirtækið njóti stuðnings og trausts íslenskra stjórnvalda. Þáttur forsetans og utanríkisráðuneytisins í velgengni íslenskra fyrirtækja, til að mynda í Kína og á Indlandi, verður því seint ofmetinn.

## POWER DISTANCE INDEX

Geert Hofstede setti fram fimm breytur til að bera saman viðskiptamenningu ríkja. Fyrsta breytan er svokölluð valdafjarlægð eða Power Distance Index

(PDI). PDI mælir hversu eðlilegt fólki finnst að valdi sé misstípt í samfélaginu.

Norðurlöndin eru kjörmyndir fyrir ríki þar sem PDI er lágt og formleg staða skiptir fremur litlu máli. Leitast er við að hafa skipulag „flatt“ og veita þeim ábyrgð og framgang sem sýna fram á hæfileika, dugnað og þekkingu. Vald í samningaviðræðum þar sem PDI er lágt ræðst fyrst og fremst af þeim valmöguleikum sem samningamaðurinn hefur en ekki af titlum eða formlegri stöðu.

Kína er hins vegar dæmi um ríki þar sem PDI er mjög hátt. Formleg staða skiptir öllu máli, ekki síst í samningaviðræðum. Erfið vandamál eru ekki leyst og endanleg ákvörðun ekki tekin nema með þátttöku æðstu yfirmanna – og á sama tíma eru ákvarðanir þeirra sem standa ofar í virðingarstigunum virtar.

## TITLAVERÐBÓLGA

Einn mikilvægasti þátturinn í árangursríkum samningaviðræðum er að þekkja sjálfan sig og að þekkja mótaðilann. Þó ekki liggi fyrir áreiðanleg mæling með mælistiku Hofstede þá geta flestir verið sammála um að PDI

er lágt á Íslandi.

Hver er sinnar gæfu smiður og allir eiga að njóta sannmælis – þessi gildi eru meitluð í stuðlaberg íslenskrar vitundar. Okkur finnst beinlínis hallærislegt að einhver krefjist virðingar og valds í krafti titils á nafnspjaldi. Hins vegar er mikilvægt fyrir okkur að vita að þessu er ekki eins farið alls staðar í heiminum – sérstaklega ekki á „nýjum markaðssvæðum“ í Asíu, S-Ameríku og Mið- og Austur-Evrópu. Þar er ráðlegt að gæta þess að samningamenn hafi réttan titil. Svokölluð titlaverðbólga (flottari titlar) í enskri þýðingu á íslenskum nafnspjöldum getur

verið mjög mikilvæg fyrir árangur í starfi – sérstaklega fyrir ungar íslenskar konur sem þurfa að semja á svæðum þar sem PDI er hátt og mikil virðing er borin fyrir „karllægum gildum“ (Masculinity Index), en þetta tvennt fer oft saman.

Aðalsteinn Leifsson,  
lektor við

Háskólann  
í Reykjavík  
og kennari í  
samningatækni.



## SPÁKAUPMAÐURINN

## Vörður samfélagsins

Nú er heldur betur líf í tuskunum hjá sparissjóðunum eftir að SPRON ákvað að breyta sér í hlutafélag. Byr er á sama tíma að gleypa SPK og brátt verður Sparissjóður Norðlendinga runnin inn í Byr. Litlu sparissjóðirnir sjá auðvitað að þetta gengur ekki lengur, aðstæður eru með þeim hætti að þeir keppa ekki við þá stóru um kúnna sem verða stærri og stærri.

Ekki sakar heldur að stofnfjáreigendurnir eru komnir með gullglampa í augun og sjá allt í einu að rykfallin stofnfjárbréf þeirra, sem eitt sinn höfðu það eitt að verðgildi að vera aðgöngumiði á kokkteila á aðalfundum, eru nú jafnvel tugmilljóna króna virði.

Ég er löngu búinn að kaupa stofnfjárbréfin af forríkum frænda mínum, útgerðarkarlinum í Keflavík, og sjá þau margfaldast á skömmum tíma. Það er ekki laust við að samskipti okkar hafi versnað í seinni tíð.

Ekki gekk eins vel að narra bréfin af aldraðri móðursystur minni sem býr vestur á fjöröum. Þegar ég falaðist eftir bréfum hennar í Sparissjóði Vestfirðinga sló hún sér á lær og spurði hvort ég væri genginn af göflunum. Það kæmi ekki til greina að selja aurapúkanum úr Reykjavík bréfin, enda hefði fjármagnid í Reykjavík engan skilning á atvinnuháttum á landsbyggðinni. Hún benti á að sem stofnfjáreigandi hefði hún ríkum skyldu að gegna sem táknrænn ábyrgðaraðili samfélagsins.

En svona er þetta. Þeir fiska sem róa.

Spákaupmaðurinn á horninu



# Skattar hvetji fremur en letji til vinnu

Edward C. Prescott, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, segir Ísland eiga þess kost að vera fyrirmynd ríkjum beggja vegna Atlantshafsins. Óli Kristján Ármannsson sat ráðstefnu Félagsvísindastofnunar í síðustu viku þar sem Prescott sagði Bandaríkin helst geta lært af lífeyriskerfi okkar og Evrópulönd af stefnu í skattamálum.

Húsfullir var á ráðstefnu um skattamál sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands efndi til í samstarfi við ýmsa aðra í ráðstefnusal Þjóðminjasafnsins við Hringbraut í Reykjavík í síðustu viku. Mætingin var raunar svo góð að Geir H. Haarde forsætisráðherra, sem flutti opunarávarp, kvað undravert að sjá jafn marga saman komna á einum stað á sólríkum degi til að hlýða á vangaveltur um efnahagsmál. Aðalfyrirlesari á ráðstefnunni var hins vegar bandaríski fræðimaðurinn Edward C. Prescott, Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði.

Velt var upp spurningum um áhrif skattalækkana á verðmætasköpun þjóðarinnar, en þar hefur Prescott sett fram þá kenningu að beint samband sé milli skatta og vinnuframlags fólks, að lægri skattar séu vinnuhvetjandi og ýti þar með undir aukna þjóðarframleiðslu. „Háir skattar draga hins vegar úr hvatanum til þess að vinna meira,“ segir hann og notar tölfræðisamanburð til að renna stoðum undir kenningu sína. „Fólk er nefnilega í grunninn eins alls staðar, þótt því kunni að vera ólík umgjörð búin í þjóðfélagsgerð,“ segir hann og telur þarna komna ástæðu þess að vinnuframlag Bandaríkjamanna hefur um áraraðir verið meiri en Evrópubúa.

## FYRIRMYNDARRÍKIÐ ÍSLAND

Prescott segir jafnframt að þótt skattar séu lækkaðir geti ríki haldið „góðum þáttum“ velferðarríkisins. „Tekjur þjóða minnka nefnilega ekki í takt við skattalækkunar, þær aukast fremur.“

Í samanburði sínum á Evrópu og Norður-Ameríku vildi hann meina að báðar heimsálfur stæðu vel, þrátt fyrir nokkra samkeppni í hinum akademíska heimi um hvor gæti nú dregið upp svartari efnahagssþá. Í grunninn segir Prescott kenningar sínar hins vegar fjalla um hvernig fólk kjósi að verja tíma sínum, en tíminn sé sá varningur sem fólk hafi að bjóða. „Verðmiðinn sem núna er settur á tíma fólks, miðað við fjögurra prósentu vaxtastig og tveggja prósentu launaskrið, er nálægt fimm milljónum Bandaríkjadala. Þegar maður er orðinn gamall setur maður ekki háan verðmiða á tíma sinn, en þá hefur maður væntanlega sparað yfir ævina,“ segir hann og vísar þarna til þess tíma sem hver og einn ver til vinnu.

Prescott sagði margt til í þeim orðum forsætisráðherrans í opunarræðu að Ísland, auk þess að vera landfræðilega miðja vegu milli heimsálfanna, reyndi að sækja það sem vel væri gert til nágrenna sinna báðum megin við Atlantshafið. Sérstaklega horfir Prescott þar til þeirra breytinga sem hér hafa verið gerðar í þá átt að lækka skatta, og tengir það við vinnuframlag á borð við það sem þekktist í Bandaríkjunum og Japan. „Ég held að Evrópusambandsríkin kunni hér að hafa ríki sem þau geta horft til og notað sem



ERLENDIR FYRIRLESARAR Í ÞJÓÐMINJASAFNINU Hér getur að líta Edward C. Prescott, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, Pierre Bessard frá Constant de Rebecque-stofnuninni í Lausanne og Daniel Mitchell frá Cato-stofnuninni í Washington.

MARKAÐURINN/VILHELM

fyrirmynd,“ segir hann og kveður Ísland með lífeyrissparnaðarkerfi sínu einnig geta verið Bandaríkjunum fyrirmynd, því með kerfi sem geri fólki skylt að spara til efri árunna megi leysa stórkostleg fátæktarvandamál. „Bandaríkjamenn eru um það bil þúsund sinnum fleiri en Íslendingar. Hugsid ykkur bara hversu mörgum þið getið hjálpað með því einu að vera góð fyrirmynd,“ gantast hann.

## GULLGÆSIN ER FLEYG

Á meginlandi Evrópu segir Prescott hins vegar þróunina vera í rétta átt þar sem miklar umbætur hafi átt sér stað víða, svo sem á Spáni og Írlandi þar sem hagvöxtur hefur verið mikill. Hann telur Þýskaland eiga eftir að taka forystu í þessari þróun og ná Bandaríkjunum og Íslandi á endanum. „Núna er hins vegar Spánni í fararbroddi og þar eru unnar flestar vinnustundir á mann ef Evrópusambandsríkin eru borin saman.“

Auk Prescotts flutti erindi á ráðstefnunni hagfræðingurinn Daniel Mitchell, sem er aðalsérfræðingur Cato-stofnunarinnar í Washington í skattamálum. Hann hefur sótt



RÁÐSTEFNAN AÐ HEFJAST Í pontu er Ari Edwald ráðstefnustjóri, en sitjandi Geir H. Haarde forsætisráðherra og Edward C. Prescott.

MARKAÐURINN/VILHELM

landið heim áður og skrifað um íslenskt efnahagslíf í bandarísk blöð. Þá er hann höfundur bókarinnar „The Flat Tax,“ en líkt og heiti hennar gefur til kynna er hann talsmaður flatrar og raunar lágrar skattheimtu. Hann segir Ísland njóta nokkurs forskots á önnur lönd vegna þeirra breytinga sem þegar hafi verið gerðar á skattumhverfi, en telur að enn lengra þurfi að ganga. „Ef gæsin sem verpir gulleggjunum getur flogið milli landa verða þjóðir heims að huga vel að sínum málum,“ segir hann og vísar til þess að lönd heimsins eigi í samkeppni um að laða til sín fyrirtæki með hagfelldu rekstrarumhverfi. Hann telur þessa leið vel færa því að með skattalækkunum aukist tekjur ríkisins. Þannig geti ríkið haldið þjónustustigi um leið og hlutfall skattheimtu af tekjum lækki. „Galdurinn er að fara sömu leið og Írar og Nýsjálandingar gerðu, að draga úr vexti útgjalda ríkisins um leið og tekjur þjóðarinnar aukast,“ segir hann.

## EES EÐA SKATTARNIR?

Þriðji erlendi fyrirlesarinn tók undir kenningar um samkeppni milli landa og sýndi dæmi heiman frá sér um hvernig samkeppni um hagfelld rekstrarumhverfi gæti haft áhrif innan lands. Pierre Bessard, forstöðumaður Constant de Rebecque-stofnunarinnar í Lausanne í Sviss, fjallaði um reynslu Svisslendinga, en þar er landinu skipt upp í misstórar kantónur, sem hver hefur mikla sjálfsstjórn. Til að mynda getur skattstig verið mjög ólíkt á milli kantóna og hver þeirra er einnig ábyrg fyrir félagslegri þjónustu á sínu svæði. „Í Sviss hefur fólk því einstakt tækifæri til

ad kjósa með fótunum og gerir það óspart ef það sér að með því einu að flytja sig stuttlega til geti það dregið úr útgjöldum um leið og það fái búið við herra þjónustustig,“ segir hann, en í landinu er 26 fullvalda kantónur sem saman mynda Svissneska samveldið. Hann segir kantónuna Zug gott dæmi, en þar sé skattbyrði 46 prósentum lægri en meðalskattheimta í Sviss öllu. „Framlag hvers íbúa kantónunnar til þjóðarframleiðslu er hins vegar 75 prósentum yfir meðaltalin.“

Birgir Þór Runólfsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, og Jón Þór Sturluson, dósent í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, voru í pallborði og gáfu umsagnir um fyrirlesrana og þá flutti lokaávarp Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Hann segir gestsaugað glögg og fagnar innleggi erlendra fræðimanna í íslenska efnahagsmæðu. Um leið áréttar hann að hann trúir á norræna velferðarkerfið og telur vandséð hvort hafi skipt meira máli í umbreytingu efnahagslífsins hér, skattalækkunar eða alþjóðavæðing með opnun hagkerfisins og samstarfi við Evrópu, svo sem með innngöngu í Evrópska efnahagssvæðið. „En báðir þættir skipta máli,“ segir hann og telur að þótt vel hafi verið gert í að bæta skattkerfið sé enn ástæða til að lækka skatta frekar. „Sérstaklega þá gjöld sem eru samkeppnishindrandi, tolla og annað slíkt,“ segir hann. Stimpilgjaldið segir hann dæmi um slíka opinbera gjaldtöku sem klárlega sé samkeppnishindrandi. Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna verði það látið fjúka „vonandi snemma“ á kjörtímabilinu.



PALLBORÐIÐ Pierre Bessard fjallaði í erindi sínu um Sviss og skattumhverfi þar. Fjær sitja Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, Birgir Þór Runólfsson frá Háskóla Íslands og Jón Þór Sturluson frá Háskólanum í Reykjavík.

MARKAÐURINN/VILHELM



# Skrifstofuhúsgögn

Beyki

....á miklu betra verði !



Hnota



Hæðarstillanleg skrifborð frá kr. 31.300

Kirsuber



Hlynur



Samstæðan kr. 56.400

Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Niðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

# Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)





**HÖFNIN Í HALIFAX** Halifax í Nova Scotia byggist upp að stórum hluta í kringum sjávarútveg og þar er sjávarfang í miklum metum. Borginni er oft líkt við San Francisco í Bandaríkjunum. MYND/GETTY IMAGES

## Heimsótti Halifax um helgina

Viðskiptatækifæri bar á góma í heimsókn Geirs H. Haarde forsætisráðherra til Nova Scotia í Kanada um síðustu helgi, en um miðjan mánuðinn var gengið frá nýjum og víðtækum loftferðasamningi við Kanada.

Loftferðasamningurinn er sá fyrsti sem gerður er milli ríkjanna og kemur í stað samkomulags frá árinu 2001 sem þá var gert vegna flugs Icelandair til Halifax.

HFX News, fréttarit í Halifax, greinir frá heimsókn Geirs og lýsir heimsókn hans á Íslandingslóðir í Markland nærri gullnámu Moose River, en þangað komu um þrjátíu íslenskar fjölskyldur á

árunum 1875 til 1882. „Ég verð að viðurkenna að vitneskja mín um þessa hluta var mjög takmörkuð fyrir komu mína hingað,“ hefur HFX News eftir forsætisráðherra eftir að hann hafði fundað á sunnudag með Len Goucher, ráðherra ferðamála. Flestir Íslendinganna fluttu á brott svo sem til Gimlis en einhverja afkomendur mun þó enn að finna í Nova Scotia. Í Markland var árið 2000 reist minnismerki um íslensku landnemana.

Í Halifax er loftferðasamningi ríkjanna fagnað en Icelandair hefur tekið upp að nýju flug þangað, árstíðabundið til að byrja með, en í maí á næsta ári á að taka upp heilsársflug þangað. Eins eru ráðagerðir um flug til Toronto. Á fundi ráðherranna hafði Goucher orð á sterkri stöðu krónunnar og sagði það gott því Nova Scotia yrði því ákjósanlegur áfangastaður fyrir Íslendinga. Haft er eftir Geir Haarde að hann vildi gjarnan sjá viðskipti og fjárfestingu frá Kanada til Íslands líka og kvað ríkisstjórnir landanna mundu vinna að umhverfi þar sem aukin viðskipti fengju blómstrað á milli landanna og þar mundu liggja tækifæri fyrir frumkvöðla. „Við erum með stórt álver í eigu Alcan, en vildum gjarnan sjá annars konar fjárfestingu líka,“ hefur HFX News eftir Geir Haarde. - ók



**GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA** Um helgina sótti Geir H. Haarde heim borgina Halifax í Nova Scotia í Kanada.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
– smáauglýsingar sem allir sjá


## Eimskip stærst á sínu sviði

Yfirtökunni á Versacold Income Fund að ljúka. Velta Eimskips eykst í kjölfarið um 40 milljarða og er áætluð 150 milljarðar á næsta ári.

Eimskip tekur yfir kæli- og frystigeymslufyrirtækið Versacold Income Fund í Kanada og er þar með orðið stærsta frysti- og kæligeymslufyrirtæki í heimi. Samþykki hefur náðst um kaup á 93 prósentu hlut í félaginu í kjölfar yfirtökutilboðs sem sett var fram 29. maí síðastliðinn. Að auki hafa öll leyfi fyrir yfirtökunni fengist hjá kanadískum yfirvöldum. Til stendur að afskrá Versacold úr Kauphöllinni í Toronto hið fyrsta.

Versacold var stofnað fyrir um sextíu árum og starfa um 4.500 manns hjá félaginu. Yfirtökutilboð Eimskips hljóðaði upp á 12,25 Kanadadollara á hlut og nemur heildarkostnaður vegna yfirtökunnar 1.180 milljónum Kanadadollara eða sem nemur um 68 milljörðum króna. Tilboðið var gert í nafni dótturfélags Eimskips, Eimskip Holding Inc. og er að fullu fjármagnað af hálfu Eimskips, Royal Bank of Canada Capital Markets og KingSett. „Royal Bank of Canada hefur veitt Eimskip ráðgjöf vegna tilboðsins. KingSett voru jafnframt samstarfsaðilar Eimskips í kaupunum á frystigeymslufyrirtækinu Atlas í Kanada í nóvember 2006,“ segir í tilkynningu félagsins.

Baldur Guðnason, forstjóri



**FUNDUR EIMSKIPS Á BESSASTÖÐUM** Eimskip er stærsta fyrirtæki heims á sviði frysti- og kæligeymsla. Fyrirtækið samdi nýverið við kínverska fyrirtækið Qingdao Port Group um rekstur á stærstu kæli- og frystigeymslu í Kína og má sjá þann samning handsalaðan hér að ofan. MARKAÐURINN/PIETUR

Eimskips, kveðst mjög ánægður með hversu stór hluti hluthafa í Versacold tók yfirtökutilboði Eimskips og telur það til marks um trú þeirra á félaginu og framtíðarsýn stjórnenda þess. „Yfirtakan sýnir glögglega hvert Eimskip stefnir en við gerum ráð fyrir að á næstu árum verði frysti- og kæligeymslurekstur önnur megin stoðin í rekstri okkar samhliða skipa- og flutn-

ingarekstri.“ Eimskip er eftirlíðis sagt munu starfa á öllum helstu markaðssvæðum heimsins og vera vel staðsett til að taka þátt í þeim vexti sem spáð er í geymslu matvæla á næstu árum. Velta Eimskips eykst um 40 milljarða króna vegna kaupanna og verður um 150 milljarðar króna á ársgrundvelli á næsta ári. Velta Eimskips í ár er áætluð um 100 milljarðar króna. - ók

## Geysir kaupir fimmtung í Western GeoPower

Verð hlutar Geysis Green Energy í kanadíska orkufyrirtæki með starfsemi í Bandaríkjunum er nálægt 600 milljónum króna.

Fjárfestingafélagið Geysir Green Energy ætlar að kaupa fimmtungshlut í kanadíska jarðhitafyrirtækinu Western GeoPower Corporation (WGP) á í kringum 600 milljónir króna. Verið er að leggja lokahönd á kaupin.

Geysir kaupir liðlega 40 milljón nýja hluti í félaginu. Þegar hefur verið gengið frá kaupum á 25 milljónum hluta og svo er tekinn yfir kaupréttur að því sem eftir stendur. Verðið hleypur á bilinu 25 til 29 sent á hlut. Glitnir annast kaupin fyrir Geysi.

„Endanleg fjárhæð skýrist á næstu dögum, en hún er í kringum 600 milljónir króna,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri Geysis. Hann tekur í kjölfarið sæti í stjórn WGP. „Við verðum þarna virkur hlutafar og förum inn til að hafa áhrif á bæði framgang og verkefni. Við lítum á okkur sem áhrifafjárfesti.“

Hlutfjárfesting West-ern GeoPower er sögð liður í að fjármagna jarðvarmavirkjun sem fyrirtækið vinnur nú að á Geysissvæðinu í Kaliforníu, en það er jarðhitasvæði í Sonoma-sýslu í ríkinu norðanverðu. Ásgeir segir kaupin falla að áformum Geysis um virka þátttöku á stærsta orkumarkaði heims, sem sé í Bandaríkjunum. „Í vesturhluta Bandaríkjanna er töluvert



**ÁSGEIR MARGEIRSSON** Ásgeir, sem er forstjóri Geysis Green Energy, segir að á allra næstu dögum ráðist hversu mikið verði nákvæmlega lagt út vegna kaupanna á um 20 prósentu hlut í Western GeoPower Corporation. MARKAÐURINN/GVA

mikið framundan í jarðhitunum og við ætlum okkur eitthvert hlutverk þar.“ Að auki er Geysir stærsti hluthafinn í Enex sem einnig er með verkefni í gangi í Bandaríkjunum. „Við erum því með tvær tengingar inn á þennan markað núna.“

Höfuðstöðvar Western GeoPower eru í Vancouver í Kanada,

en fyrirtækið er skráð á TSX-markaðinn í Toronto. Geysir Green Energy er fjárfestingarfélag um sjálfbæra orkuvinnslu sem stofnað var af FL Group, Glitni og VGK-Hönnun í byrjun þessa árs með það fyrir augum að fjárfesta í verkefnum tengdum sjálfbærri orkuframleiðslu víðs vegar um heim. - ók

## Ísland í fjórða sæti

Verðbólga á ársgrundvelli mældist 2,2 prósent innan ríkja OECD í júní. Verðbólga á Íslandi nam fjórðum prósentum og var sú fjórða mesta innan OECD; jafnmikil og í Mexíkó. Mest mældist verðbólgan í Tyrklandi, 8,6 prósent. Verðbólgan í Ungverjalandi var

8,6 prósent og 4,9 prósent verðbólga mældist á Írlandi.

Fram kemur í tilkynningu frá OECD að 2,9 prósentu verðhækkunar hafi orðið á eldsneyti síðastliðin ár, og að matarverð hafi hækkað um 3,4 prósent að meðaltali innan samtakanna.

Verðbólga mældist 1,9 prósent innan landa evrunnar, 2,7 prósent í Bandaríkjunum og 2,2 prósent í Bretlandi. Í Þýskalandi var 1,7 prósent verðbólga, en 1,2 prósent í Frakklandi. Japan var eina landið þar sem verð hafði hjaðnað undanfarið ár; um 0,2 prósentustig. - jsk





Sambók löndarans og SVF-Sambók verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmála á [www.s.is](http://www.s.is) - Höfundur: Hlíta Hlíta/SÍA

## Gerum gott úr þessu

Árlega berst mikið af prentuðum pappír inn á heimilin í landinu en kosturinn er sá að hann má endurnýta. Leggjum okkar af mörkum fyrir náttúruna og skilum honum í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.



Gott til  
endurvinnslu



## BANKAÓLFID



### Björk og ríkisskuldabréfin

Walter Updegrave, einn ritstjóra CNN Money tímaritsins, treystir sér ekki til að mæla með kaupum á íslenskum ríkisskuldabréfum í svari við fyrirspurn sem birtist á vefsíðu tímaritsins. Ritstjórinn segir að vissulega hafi ávöxtun ríkisskuldabréfa verið góð undanfarin ár. Hins vegar beri að hafa í huga að krónan hafi sjaldan verið jafn sterk gagnvart Bandaríkjadal. „Ef krónan styrkist áfram verðurú alveg örugglega í sjöunda himni, eins og Íslendingarnir segja,“ skrifar Updegrave. Hann varar hins vegar við því að vel geti farið svo að krónan veikist um allt að fimmtán prósent gagnvart dal næsta árið. Updegrave bætir við að óvenjulegt sé að fá fyrirspurn um íslenskt efnahagslíf, Bandaríkjamenn séu vanari að fylgjast með upp-tækjum söngkonunnar Björk sem hann segir hafa undarlegasta fatasmekk í heimi.

### Novafone?

Gárungar eru hugsí yfir nýupplýstu samstarfi fjarskiptafyrirtækjanna Vodafone og Nova á sviði farsímaþjónustu. Félögin hafa nefnilega samið um samnýtingu kerfa sinna og spara sér þannig dágóðar fjárhæðir með því að Vodafone fær aðgang að nýju dreifikerfi Nova fyrir þriðju kynslóð farsíma (3G) og Nova fær aðgang að GSM farsímakerfi Vodafone.

Nova er sem kunnugt er félag í eigu alþjóðafjórðfestisins Björgólfs Thors Björgólfssonar en hann hefur meðal annars hagnast vel á fjórðfestingum í fjarskiptageira í Austur-Evrópu. Spurning hvort samstarf hér er vísir að því sem koma skal. Hvernig hljómar Novafone?

### Afturgengin þvættisskýrsla

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti á vef sínum í liðinni viku heljarinnar úttekt á stöðu mála hér með tilliti til aðgerða gegn peningþvætti og varna gegn hryðjuverkavá. Framsetningin var: Landsskýrsla númer 7/254, júlí 2007. Að óathuguðu máli hefði mátt ætla að hér væru ný sannindi á ferðinni. Örlítil eftirgrennslan leiddi þó í ljós að sjóðurinn var ekki með nýjstu fréttir, heldur birti útdrátt úr skýrslu FATF, undirstofnunar OECD sem annast þessi mál og leggur til umbætur hjá aðildarríkjum, sem út kom í nóvember í fyrra.

**25,5** milljarða króna hagnaður Kaupþings á öðrum ársfjórðungi.

**1/5** hlutur alls hlutfjár í finnska tryggingafélaginu Sampo sem Exista fer nú fyrir.

**12,2** milljarðar króna sem Róbert Wessman, forstjóri Actavis, fékk fyrir hluti sína í félaginu.

## ILSE JACOBSEN • Hornbæk

# SÍÐUSTU DAGAR

**Allur fatnaður á 5.900 kr, 3.900 kr og 2.900 kr**

**Allir skór á 1.990 kr**

**Bolirnir vinsælu á 990 kr og 790 kr**

**Rýmum til fyrir nýju vörunni sem fer að streyma inn**

**Garðatorgi Garðabæ sími 517 4806**

Hringdu í síma

# 512 5060

ef blaðið berst ekki

